

## **SAMSTARFSSAMNINGUR**

### **milli ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórnar Íslands um samstarf á sviði ferðapjónustu**

Ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins og ríkisstjórn Íslands (hér á eftir nefndar samningsaðilar),

sem báðar aðhyllast ákvæði Manila-yfirlýsingarinnar um ferðapjónustu á heimsvísu (1980) og Haag-yfirlýsingarinnar um ferðapjónustu (1989),

sem láta í ljós þá ósk að styrkja vináttutengsl milli þjóða Rússneska sambandsríkisins og Íslands og að stuðla að meiri þekkingu á sögu og menningararfi beggja landanna,

sem gera sér grein fyrir að ferðapjónusta er greiðfær leið til að auka gagnkvæman skilning, tjá góðvild og rækta vináttutengsl milli þjóða,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

#### **1. gr.**

Samningsaðilarnir skulu efla og þróa samvinnu á sviði ferðapjónustu á jafnræðisgrundvelli og með gagnkvæman ávinning í huga í samræmi við samning þennan, löggjöf hvors samningsaðila um sig og alþjóðasamninga sem Rússneska sambandsríkið og Ísland eiga aðild að.

#### **2. gr.**

Samningsaðilarnir skulu aðstoða innlend ferðamálayfirvöld sín við að koma á tengslum og efla samstarf milli rússneskra og íslenskra ferðapjónustustofnana, sem taka þátt í því að efla ferðapjónustu þjóða í milli, m.a. stofnana sem fjárfesta í ferðapjónustugeiranum.

### **3. gr.**

Samningsaðilarnir skulu vinna að því að einfalda formsatriði, sem tengjast ferðamannastraumi milli landanna tveggja, í samræmi við rússneska og íslenska löggjöf.

### **4. gr.**

Samningsaðilarnir skulu efla, með atbeina innlendra ferðamálayfirvalda sinna, skipulegar ferðir hópa jafnt sem einstaklinga og gagnvirkar ferðir sérhæfðra hópa í því skyni að sækja ferðaþjónustutengd málþing og ráðstefnur.

### **5. gr.**

Samningsaðilarnir skulu hvetja innlend ferðamálayfirvöld sín til þess að skiptast á tölulegum upplýsingum og öðrum upplýsingum á sviði ferðaþjónustu, þ.m.t. upplýsingar um:

- — innlenda löggjöf sem setur reglur um starfsemi innan ferðaþjónustu í löndum þeirra,
- — innlenda löggjöf sem miðar að því að vernda og varðveita náttúruauðlindir og menningarauð sem ferðamannastaði,
- — reynslu í hótélrekstri og rekstri annars konar stofnana sem láta ferðamönnum í té þjónustu,
- — kynningar- og auglýsingaefni um málefni ferðaþjónustu.

### **6. gr.**

Samningsaðilarnir skulu upplýsa, með atbeina innlendra ferðamálayfirvalda sinna, borgara sína, sem hyggjast ferðast til lands hins samningsaðilans, um innlenda löggjöf síðarnefnda samningsaðilans sem setur reglur um komu, dvöl og brottför útlendinga.

## **7. gr.**

Samningsaðilarnir skulu aðstoða, með atbeina innlendra ferðamálayfirvalda sinna, við að koma á sambandi og efla samstarf milli rússneskra og íslenskra ferðaþjónustustofnana sem hyggjast þjálfa starfsfólk í ferðamannaiðnaði og standa fyrir gagnkvæmum heimsóknum sérfræðinga og blaðamanna sem sérhæfa sig í ferðaþjónustu.

Innlend ferðamálayfirvöld samningsaðilanna skulu komast að samkomulagi um fjárhagsleg skilyrði heimsóknanna og sérfræðingaskiptanna.

## **8. gr.**

Samningsaðilarnir skulu aðstoða, með atbeina innlendra ferðamálayfirvalda sinna, við þátttöku rússneskra og íslenskra ferðaþjónustustofnana í alþjóðlegum ferðaþjónustusýningum sem eru haldnar með stuðningi innlendra ferðamálayfirvalda samningsaðilanna.

## **9. gr.**

Samningsaðilarnir skulu samræma samstarf innlendra ferðamálayfirvalda sinna innan vébanda skyldra stofnana á vettvangi alþjóðlegrar ferðaþjónustu.

## **10. gr.**

Samningsaðilarnir skulu aðstoða innlend ferðamálayfirvöld sín við að koma á fót upplýsingaskrifstofum um ferðamál á yferráðasvæði gagnaðilans.

Innlend ferðamálayfirvöld samningsaðilanna skulu vera einhuga um mál er varða stofnun og starfsemi skrifstofanna og skal innlend löggjöf þess samningsaðila sem er í hlutverki gistiríkis gilda um þau mál.

## 11. gr.

Samningsaðilarnir skulu tilkynna hvor öðrum, eftir diplómátískum leiðum, um þau innlendu ferðamálayfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd samnings þessa.

## 12. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þann dag sem síðari skrifleg tilkynning er dagsett þess efnis að hvor samningsaðili um sig hafi lokið lögformlegri innlendri meðferð til þess að hann öðlist gildi.

Samningur þessi gildir í fimm ár og framlengist sjálfkrafa um fimm ár í senn svo fremi hvorugur samningsaðili tilkynni hinum skriflega, eftir diplómátískum leiðum og eigi síðar en sex mánuðum áður en tilsvareandi tímabili lýkur, að hann hyggist slíta samningi þessum.

Samningsslit hafa engin áhrif á framkvæmd áætlana og verkefna sem kunna að hafa verið samþykkt á gildistíma samningsins, nema samningsaðilar komi sér saman um annað.

Gjört í \_\_\_\_\_ hinn \_\_\_\_\_, í tveimur eintökum, hvoru um sig á rússnesku, íslensku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Rússneska sambandsríkisins

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Ísland